

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Yfirbygging þeirra hráefnisgeymslna, sem opnar eru, sbr. gr. 2.4. og bréf borgarlæknis frá 22. desember 1978, skal lokið fyrir 1. júní 1988. Allt hráefni verksmiðjunnar skal eftir þann tíma geymt í lokuðum geymum eða þróm.
2. Þvotta- og kæliturn fyrir útblástur frá þurrkurum sbr. gr. 2.10. skal þannig búinn að hann kæli útblásturinn niður í a.m.k. 20°C, fyrir 1. júní 1988.
3. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli sbr. gr. 2.14. skal lokið fyrir 30. desember 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. febrúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 126

24. febrúar 1988

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Haganeshrepps og Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 24. febrúar 1988 staðfest sameiningu Haganeshrepps og Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist:

Að sameining þessi skal taka gildi 1. apríl 1988.

Að nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Fljótahreppur.

Að ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Fljótahrepps, fari fram 26. mars 1988.

Að fulltrúar í sveitarstjórn Fljótahrepps skulu vera fimm.

Að kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 24. febrúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 127

17. febrúar 1988

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu

um, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lög-reglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1989 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1989.

Menntamálaráðuneytið, 17. febrúar 1988.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinnsson.

REGLUGERÐ

um grásleppuveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við báta 12 brúttórúmllestir og minni. Heimilt er þó að veita bátum stærri en 12 brl. leyfi til grásleppuveiða, enda hafi þeir stundað veiðar á grásleppuvertíð árið á undan og skilað skýrslum til Fiskifélags Íslands um þær.

Ráðuneytið getur bundið leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, er þurfa þykir m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Óheimilt er að nota til aðstoðar við grásleppuveiðar bát stærri en 12 brl. t.d. til flutnings á afla, lagningar neta eða dráttar neta eða báta.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við eitt eftirgreindra veiðisvæða og tiltekið veiðitímabil:

- Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.